

Minnisblað - 14. október 2016

1509763 – Fimleikafélagið Björk, rekstarsamningur.

I.

Með rekstrarsamningi sem undirritaður var þann 11. desember 2015 gerðu Hafnarfjarðarbær og Fimleikafélagið Björk með sér samning um umsjón og rekstur á íþróttamiðstöðinni Björk við Haukahraun 1. Fimleikafélagið Björk tók við rekstri íþróttamiðstöðvarinnar 1. janúar 2016.

Í samningnum segir að Hafnarfjarðarbær greiðir fyrir rekstrarkostnað Íþróttamiðstöðvarinnar Björk skv. fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarbæjar ár hvert. Forsendur fyrir framlagi til rekstrar eru þær sömu og það myndi kosta Hafnarfjarðarbær að reka hana miðaða við kjarasamning Hafnarfjarðarbæjar við Starfsmannafélag Hafnarfjarðarbæjar eða önnur stéttarfélag (4. gr.).

II.

Lög um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum nr. 72/2002 gilda um yfirtöku Fimleikafélagsins Björk á rekstri íþróttamiðstöðvarinnar 1. janúar 2016.

Hafnarfjarðarbær hætti þann 1. janúar 2016 að vera vinnuveitandi starfsmanna íþróttamiðstöðvarinnar og Fimleikafélagið Björk varð vinnuveitandi þeirra.

Í 2. mgr. 3. gr. laganna segir „*Framsafshafi skal virða áfram launakjör og starfsskilyrði samkvæmt kjarasamningi með sömu skilyrðum og giltu fyrir framseljanda þar til kjarasamningi verður sagt upp eða hann rennur út eða þar til annar kjarasamningur öðlast gildi eða kemur til framkvæmda.*“

Hafnarfjarðarbær sendi þann 30. október 2015 starfsmönnum íþróttamiðstöðvarinnar og starfsmannafélagi Hafnarfjarðar bréf þar sem tilkynnt var um nýjan rekstararaðila og jafnframt að Fimleikafélagið Björk skyldi áfram virða launakjör og starfsskilyrði skv. kjarasamningi og var vitnað orðrétt í ofangreinda 2. mgr. 3. gr. laga nr. 72/2002.

III.

Fjórir starfsmenn fluttust yfir til Fimleikafélagsins Björk við yfirtöku félagsins á rekstri íþróttamiðstöðvarinnar. Tveir af þeim eru enn við störf í íþróttamiðstöðinni.

Starfsmenn sem fluttust frá Hafnarfjarðarbæ yfir til Fimleikafélagsins Björk greiddu í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga (LSS) nú Brú Lífeyrissjóður (Brú). Fimleikafélagið hefur skilað iðgjaldagreiðslum í sjóðinn fyrir starfsmennina.

Starfsmaður Brú hafði samband við Fimleikafélagið í apríl s.l. og upplýsti að Fimleikafélagið þyrfti að sækja sérstaklega um aðild og var óskað eftir því að Hafnarfjarðarbær og Fimleikafélagið sendu inn sameiginlega ósk um að þeir starfsmenn sem fluttu yfir frá Hafnarfjarðarbæ fengju undanþágu og gætu áfram greitt í A-deild LSS, nú Brú.

Erindi var sent til Brú þann 26. maí s.l. þar sem óskað var eftir að ofangreindri undanþágu fyrir þá tvo starfsmenn sem enn eru við störf í íþróttamiðstöðinni.

Brú tók erindið fyrir á stjórnarfundi þann 23. júní s.l. Afgreiðsla stjórnarfundar Brúar var eftirfarandi: *„Stjórn spyr hvort með samningi Hafnarfjarðarbæjar við Fimleikafélagið Björk hafi Hafnarfjarðarbær ábyrgst þær lífeyrissjóðsskuldbindingar sem fylgja umræddum starfsmönnum. Þess er óskað að formleg staðfesting þess efnis verði send lífeyrissjóðnum. Sé slík yfirlýsing ekki til staðar er þess óskað að málið verði lagt fyrir bæjarráð og bæjarstjórn til afgreiðslu.“*

IV.

Stjórn Brúar hefur lagt fram þá fyrirspurn til Hafnarfjarðarbæjar og Fimleikafélagsins hvort Hafnarfjarðarbær hafi með umræddum samningi við Fimleikafélagið ábyrgst þær lífeyrisskuldbindingar sem fylgdu þeim starfsmönnum sem fluttust yfir til Fimleikafélagsins.

Við gerð umrædds rekstarsamnings milli aðila var slík yfirlýsing ekki sett fram af hálfu Hafnarfjarðarbæjar.

Brú lífeyrissjóður er að krefjast þess að Hafnarfjarðarbær gefi út yfirlýsingu þess efnis að hann ábyrgist þær lífeyrisskuldbindingar sem fylgja umræddum starfsmönnum. Eins og áður segir var við flutning reksturs íþróttamiðstöðvarinnar til Björk ekki gerð slík yfirlýsing. Ekki verður talið að Hafnarfjarðarbær skuli setja fram slíka yfirlýsingu og það sé umfram skyldu Hafnarfjarðarbæjar að gera slíkt.

Ef Brú fellst ekki á beiðni starfsmanna að þeir greiði áfram í sjóðinn og samþykki aðild Fimleikafélagsins þá verða starfsmenn að greiða í annan lífeyrissjóð.

Sigríður Kristinsdóttir, bæjarlögmaður
Berglind Guðrún Bergþórsdóttir, mannauðsstjóri